

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um nauðungarsölu.

Frá Elsu Láru Arnardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að grípa til aðgerða til að lengja samþykkisfrest á nauðungarsöllum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum meðan beðið er aðgerða ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna og álits EFTA-dómstólsins á lögmæti verðtryggingar á fasteignalánum sem Hæstiréttur hefur óskað eftir?
2. Er ráðherra reiðubúinn að leggja til að samþykkisfrestur verði lengdur úr þremur vikum í sex mánuði þegar um einstakling er að ræða sem á lögheimili í þeirri fasteign sem krafist er uppboðs á vegna fasteignaveðlána?

Skriflegt svar óskast.